



## Fundargerð

### Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 7/2024 (nr. 108)

Dagsetning: 24. október 2024 kl. 15:00-16:00

Staðsetning: Teams

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk:** Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Anna Guðrún Edvardsdóttir (varamaður fyrir GJS) og Laufey Haraldsdóttir (LH) sem ritar fundargerð. Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS) og Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) boðuðu forföll. Ekki hefur borist tillaga að fulltrúa nemenda í ráðið.

### Dagskrá 108. fundar 2024:

1. Dagskrádrög fundar 108 - Til samþykktar
2. Fundargerð fundar nr. 107 - Til samþykktar
3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH - Til upplýsinga
4. Húsnæðismál Háskólans á Hólum - Til upplýsinga
5. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald - Til upplýsinga
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. **Dagskrá fundar nr. 7/2024 (108)**
2. **Fundargerð fundar nr. 6/2024 (107)**

a. Liðir 1 og 2 samþykktir.

3. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH**

Þríhliða samkomulag er í vinnslu um stofnun HÍ háskólasamstæðu (HÍH) milli Háskóla Íslands (HÍ), Háskólans á Hólum (HH) og Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins (HVIN). Vinna í gangi við að búa til verkefnahópa um fjármál, stjórnskipulag, mannauð og upplýsingatækni í verkefninu Myndun háskólasamstæðu sem hlaut styrk í síðustu úthlutun Samstarf Háskóla sjóðsins á vegum HVIN. Áhersla er á fjármál og stjórnskipulag til að byrja með. Ný umsókn send inn 15. október sl. í Samstarf Háskóla sjóðinn undir yfirskriftinni „Háskólasamstæða Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum – nám, rannsóknir og innleiðing.“

4. **Húsnæðismál Háskólans á Hólum**



Skýrsla á vegum FSRE um frumathugun á lagareldishúsi (fyrsti fasi) á Sauðárkróki er á lokametrunum. Skýrslan er forsenda þess að hægt verði að byrja að hanna húsið og hefja framkvæmdir.. Fyrsti fasi verður 1560 fm stálgrindarhús sem mun hýsa eldisrými, skrifstofur og kennsluaðstöðu fyrir lagareldi. Vinna í fjárlagagerð miðar að fjármögnun á byggingunni. Háskólaráð leggur áherslu að málinu verði fylgt fast eftir í vinnu starfsstjórnar ríkisins í fjárlögunum fram undan.

## 5. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald.

Vinna starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal á vegum forsætisráðuneytisins er lokið. Lokadrög af minnisblaði til forsætisráðherra er tilbúið. Í minnisblaðinu koma fram tillögur um 1) starfsemi og húsakost Háskólans á Hólum, 2) byggð á Hólum, innviðir og þjónusta við starfsemi og íbúa og 3) uppbyggingu Hóla sem áfangastað ferðamanna.

## 6. Önnur mál

- a) Gæðamat háskóla. Háskólinn á Hólum hefur óskað eftir að fresta gæðaúttekt háskólans sem áætluð er 2025, til ársins 2026 þar sem ekki er talið ráðlegt að fara í gæðaúttekt á meðan á myndun háskólasamstæðu stendur.
  - 1.
- b) HH tók þátt í 11 umsóknum í Samstarf Háskólasjóðinn 2024. HH leiðir 2 umsóknir.
- c) Kvörtun barst til háskólaráðs HH. Háskólaráð HH hefur áður, með vísan til framkominna raka í erindum rektors til kvartanda hafnað að taka afstöðu til þeirra krafna sem kvartandi hefur gert vegna þessa máls. Í erindi kvartanda núna koma engin ný atriði fram sem breyta þeirri afstöðu. Með vísan til þessara raka hafnar háskólaráð því að taka afstöðu til þeirra krafna sem kvartandi hefur gert vegna þessa máls.



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur  
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is